

1280. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. júní 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Karl. F. Thorarensen og Þórir Hilmarsson.

Fjarverandi: Andrea Rut Pálsdóttir og Jennifer Schröder.

Næsti fundur: 13. ágúst 2025.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund. Áður en til formlegrar dagskrár kom færði hún stjórnarmanninum Gabríel Benjamin hamingjuóskir en hann eignaðist son nýlega.

Halla las því næst upp bréf frá stjórnarkonunni Hörpu Sævarsdóttur þar sem hún segir sig úr stjórn félagsins af persónulegum ástæðum. Þórir Hilmarsson, 1. varamaður í stjórn, tekur hennar sæti en Birgitta Ragnarsdóttir verður 1. varamaður og Eldar Ástþórsson 2. varamaður.

Halla skýrði frá því að hún hafi rætt við Hörpu símleiðis og fært henni þakkir félagsins fyrir stjórnarsetu síðustu ára og framlag hennar til félagsins.

1. Fundargerð 1279. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1279. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. Kjaramál – staðan

Halla sagði frá því að deildir VR á Suðurlandi og Austurlandi hafi haldið ársfundi sína fyrir skemmstu þar sem m.a. var kosið í stjórnir deildanna. Sjálfkjörið var í stjórn deildar á Austurlandi en til kosninga kom í stjórn deildar á Suðurlandi. Nýir aðilar komu inn í báðar stjórnir. Halla sótti báða fundi. Hún gerði ársfundargestum grein fyrir því að stjórn er að undirbúa endurskoðun á skipulagi félagsins og óskaði eftir því að stjórnirnar myndu undirbúa sig fyrir það.



Halla fjallaði því næst um herferð Viðskiptaráðs gegn almenna íbúðakerfinu en ráðið hefur kvartað til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, vegna þess sem það kallar „ólögmæta ríkisaðstoð“ og er þá að vísa til stuðnings við óhagnaðardröfin leigufélög verkalýðshreyfingarinnar. Ráðið óskar eftir rannsókn á því hvort þetta brjóti gegn ákvæðum EES samningsins. Halla sagði þessa vegferð Viðskiptaráðs pólitíska aðför, gróðasjónarmið ráði för. Það sé óásættanlegt að fólk njóti ekki húsnæðisöryggis bara til þess að einhverjir græði meira. VR og verkalýðshreyfingin þurfi að reisa hér varnir og mótmæla. ASÍ muni bregðast við.

Þá skýrði Halla frá því að beiðni hafi komið um endurskoðun skipunar í fulltrúaráð VIRK. Hún lagði til að Jennifer Schröder og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir taki sæti í ráðinu, auk Þórarins Þórssonar, sviðsstjóra þjónustusviðs VR. Engar athugasemdir bárust við það.

Kosið hefur verið í deild leiðsögufólks í VR í kjölfar sameiningar VR og Leiðsagnar. Deilur hafa komið upp milli leiðsögufólks innan deildarinnar sem beint hefur verið til VR. Halla benti á að það væri ekki VR að leysa úr slíkum deilum en að framkvæmdastjóri muni sinna þessum fyrirspurnum. Hlutverk deildarinnar er að ræða áherslumál leiðsögufólks, forgangsraða þeim og senda stjórn félagsins tillögur og hugmyndir að aðgerðum og/eða leiðum.

Halla fjallaði því næst um ferð hennar, Ólafs Reimars Gunnarssonar, varaformanns og Þórsteins Sveinssonar, sérfræðings á kjaramálasviði VR, til Oslóar á höfuðborgarráðstefnuna sem er samráðsvettvangur stéttarféлага í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlandanna. Halla sagði þennan vettvang mikilvægan fyrir VR, þarna er skipst á upplýsingum og skoðunum um það sem efst er á baugi hjá félögunum. Mestar áhyggjur hjá norrænu félögunum er niðurbrot á starfsemi stéttarféлага. Mjög erfitt sé að fá fólk til að ganga í stéttarfélög og eru m.a. umræður um að tekjutengja félagsgjöld og skipta aðild. Í Noregi séu framundan þingkosningar og í Finnlandi hafa stjórnvöld skert réttindi launafólks, m.a. réttinn til pólitískra verkfalla. Halla sagði frá því að hópurinn hafi farið í Útey, sem er í eigu ungliðahreyfingar norskra jafnaðarmanna, en í eyinni voru framin hörmulegustu voðaverk í sögu Noregs þegar tugir ungmenna voru myrt. Viðbrögð norskra yfirvalda hafi hins vegar verið kröftug, að auka lýðræði og opna samfélagið frekar en að loka því.

Umræður

Í umræðum var ákveðið að stjórn sendi frá sér ályktun vegna aðfarar Viðskiptaráðs að almenna íbúðakerfinu. Drög verða senda stjórn síðar í vikunni.

Halla ræddi því næst um stöðu starfsfólks hjá þýska fyrirtækinu Heinemann, sem rekur Fríhöfnina á Keflavíkurlugvelli, og viðræður við Sameyki.

Ítarefni:

Halla sagði að VR hafi átt í samtali við Sameyki um stöðu launafólks hjá Fríhöfninni sem hafi verið í Sameyki áður en Heinemann keypti reksturinn. Starfsfólkið ætti að vera í VR en Sameyki hafi lýst yfir áhuga á að það haldi áfram í Sameyki, ekki síst í ljósi þess að kjör þeirra yrðu lakari samkvæmt kjarasamningi VR en samkvæmt kjarasamningi Sameykis.

Halla sagði að starfsfólkið ætti í raun heima hjá VR en að mestu skipti að starfsfólk haldi sínum kjörum. Heinemann hafi óskað eftir formlegri afstöðu VR í málinu, en ekki fengið. VR og Sameyki eigi í hreinskiptum umræðum um stöðuna og vinni saman að því að tryggja kjör starfsfólksins. Það sé í ferli.

Halla fjallaði því næst stuttlega um dóm Hæstaréttar um búvörulögin. Fyrirtækið Innnes höfðaði mál gegn samkeppniseftirlitinu vegna framvarps til búvörulaga sem m.a. kveður á um að kjötafurðarstöðvar eru undanþegnar samkeppnislögum. VR tók þátt í þeirri málsókn ásamt Neytendasamtökunum, SVP og Félagi atvinnurekenda. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að frumvarpið hafi ekki verið unnið í samræmi við reglur og það hafi því ekki öðlast lagagildi. Hæstiréttur sneri hins vegar þessum dómi við nýlega. Nú er beðið eftir því hvernig stjórnvöld bregðist við sagði Halla, málinu sé nánast haldið í gíslingu á þingi. Hún sagði jafnframt að stjórn þyrfti að ræða hvernig aðkomu félagsins að málum sem þessum eigi að vera háttáð.

Halla fór yfir nokkur atriði frá ASÍ. Sambandið sendi nýlega könnun á stjórnarfólk og formenn aðildarfélaganna þar sem leitað var eftir viðhorfum til sambandsins, m.a. hvernig skipulag þess eigi að vera. Halla sagði mikilvægast að sem flestar raddir heyrist innan ASÍ, ekki síst á þingi en sumir vilji frekar fækka fulltrúum á þingum sambandsins en fjölga.

Þá var rætt um hugmyndir um miðlægt vinnustaðaeftirlit, frá ASÍ. Hún er hlynnt aukinni miðstýringu hvað varðar vinnustaðaeftirlitið, sagði Halla. Í þessum hugmyndum felist ekki endilega að stéttarfélögin leggi af sitt vinnustaðaeftirlit, þær feli í sér aukna samvinnu á þessu sviði.

Þá var rætt um hugmyndir að miðlægri lögfræðipjónustu fyrir aðildarfélög ASÍ. Slíkt gæti leitt til aukinnar þekkingar á sviði vinnumarkaðsmála og vinnuréttar sem myndi gagnast félögunum. Halla sagði samstarf við lögmann VR hafa verið gott, en huga þurfi að þessu til framtíðar. Stjórn muni á einhverjum tímapunkti þurfa að taka afstöðu eins og önnur félög. Hún teldi jafnframt ástæðu fyrir stjórn að óska eftir að fá forseta ASÍ á fund stjórnar til að ræða þessi mál.

Að lokum ræddi Halla fyrirhugaðar breytingar á örorkulífeyri lífeyrissjóðanna sem kunna að hafa í för með sér breytingar og skerðingar á almennum lífeyrisgreiðslum. Síðastliðin ár hefur verið í gildi bráðabirgðaákvæði um víxlverkun örorkulífeyris og greiðslna úr almannatryggingakerfinu. Fyrirhugað sé að fella þetta ákvæði úr gildi þannig að örorkulífeyrir mun ekki lengur taka tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun. Þetta kunni að hafa í för með sér miklar skerðingar á greiðslum ellilífeyris lífeyrissjóðanna, allt að 7,5% þar sem mest er. Áhrifin eru mest hjá þeim sjóðum þar sem hlutfall örorkulífeyris er hátt. Halla sagði að stjórn LÍV ætli að álykta um málið. Nýtt fyrirkomulag þessara greiðslna verði að taka gildi 1. september.

Umræður.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir til fundar kl. 19:10.

3. Nýtt styrkjakerfi



Fyrir fundinum lá skjalið „3.0 Nýtt styrkjakerfi“ til afgreiðslu.

Halla sagði að í framhaldi umræðu á síðasta fundi um mögulegar breytingar á styrkjakerfi VR lægi nú fyrir tillaga um valmöguleika félagsfólks í komandi kosningum, hefðbundið styrkjakerfi annars vegar og VR varasjóð í óbreyttu formi hins vegar, þ.e. án fæðingarstyrks.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir tillöguna á glærum. Í máli hans kom fram að kostnaður við fæðingarstyrk upp á 100 þúsund krónur væri um 200 m.kr. og ef slíkur styrkur væri kynntur með VR varasjóði í komandi kosningum kynni það að fela í sér skerðingu á innlögn í varasjóð sem því nemur, stjórn hafi ekki sammælt um hvernig hægt væri að fjármagna fæðingarstyrk á annan hátt. Kostnaðarmat fyrir félagið þyrfti að vera svipað fyrir báða valkosti í kosningunum í haust, sem það er með óbreyttum VR varasjóði. Stærsti óvissuþátturinn er hversu margir myndu nýta sér styrk vegna orlofs í nýju kerfi.

Tillagan sem liggur fyrir fundinum er því á þessa leið:

Lagt er til að kosið verði á milli tveggja valkosta:

1. VR varasjóður eins og hann er og hefur verið, óbreyttur.
2. Hefðbundið styrkjakerfi eins og sett er upp í kynningunni með fæðingastyrk.

Ef VR varasjóður verður fyrir valinu verður stjórn VR að finna fjármagn til fjármagna fæðingastyrk hafi hún hug á því.

Umræður

Í umræðum var mikið rætt um kynningu þessara tveggja valkosta þegar kemur að kosningum í haust. Stjórn lagði áherslu á að gætt verði jafnræðis í kynningunni, að heildarkostnaður fyrir félagið komi fram, að skýrt verði að gjafabréf Icelandair verði lögð af í nýju kerfi, hvað er skattskyld af styrkjum o.s.fr.

Tillagan var lögð fyrir fundinn í atkvæðagreiðslu. Samþykkt samhljóða.

4. Breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

Fyrir fundinum lá skjalið „4.0 Tillaga að breytingum á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir tillögu að breytingum á starfsreglum Sjúkrasjóðs en um er að ræða skerpingu á orðalagi varðandi nám meðfram veikindum. Lagt er til að bætt verði við neðst í gr. 2.1 í starfsreglunum eftirfarandi (viðbót merkt með rauðu):

Tillaga a breytingu á grein 2.1 í starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

2.1 Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkra- eða slysadagpeninga ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur hafa fallið niður. Veikindaréttur hjá atvinnurekanda, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur. Þó er heimilt að greiða sjúkradagpeninga þeim sem fara í áfengis- eða vímuefnaferð, án þess að þeir hafi klárað veikindarétt hjá atvinnurekanda. Sjálfstætt starfandi í VR njóta sama réttar í veikindum og almennir launamenn og þurfa einnig að klára veikindarétt hjá eigin rekstri áður en þeir fá greiðslur úr Sjúkrasjóði VR. Framvísa þarf læknisvottorði þess efnis að óvinnufærni hafi varað á þeim tíma sem veikindaréttur hjá eigin rekstri var nýttur. Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun. **Ekki er heimilt að greiða sjúkradagpeninga samhliða námi. Ef um styttra nám eða námskeið er að ræða sem er liður í endurhæfingu umsækjanda er hægt að óska eftir undanþágu frá þessari reglu.**

Rökstuðningur fyrir þessari breytingu er m.a. að borist hafa umsóknir frá einstaklingum sem hafa verið í fullu námi og vinnu þegar til veikinda kom og farið í veikindi frá vinnu en haldið áfram í náminu. Reglurnar eins og þær eru bjóða upp á að einstaklingar geti haldið áfram að stunda fullt nám samhliða sjúkradagpeningum. Það er mat starfsfólks Sjúkrasjóðs að það að stunda fullt nám eða vera í háu hlutfalli í námi jafngildi því að hafa starfsgetu og því sé það óeðlilegt að greiddir séu sjúkradagpeningar á meðan einstaklingur leggur stund á nám.

Það er mat starfsfólks að rétt sé að heimild verði í starfsreglum að veita undanþágu í þeim tilfellum þar sem um stutt nám er að ræða sem er liður í endurhæfingu.

Umræður

Tillagan lögð fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu. Samþykkt með 12 atkvæðum. Einn greiddi atkvæði á móti.

5. Jafnlaunavottun

Fyrir fundinum lá skjalið „5.0 Minnisblað um jafnlaunavottun“ til kynningar

Halla fór yfir minnisblað um jafnlaunavottun og þróun launamunar kynjanna hjá VR. Jafnlaunavottun var sett á laggirnar árið 2017 og hafa hátt í 700 fyrirtæki fengið vottun. Að auki hafa um 150 fyrirtæki fengið jafnlaunastaðfestingu. Skiptar skoðanir eru um áhrif hennar, sum telja að afnema beri lögfestingu hennar þar sem hún er bæði þung í vöfum og kostnaðarsöm auk þess sem hún hafi ekki áhrif á launamun kynjanna. Þau sem telja jafnlaunavottun mikilvæga benda á að hún hafi fært aga í launasetningu og gert launaákvæðanir gegnsærri. Það taki tíma fyrir vottun að skila árangri þegar kemur að launamun kynjanna.

Í hagræðingartillögum ríkisstjórnarinnar er lagt til að létt verði á jafnlaunavottun og breytingar gerðar á stærðarmörkum. Lagt er til að mörkin verði hækkuð bæði fyrir jafnlaunastaðfestingu og jafnlaunavottun, þannig að ekki verði krafa á fyrirtæki með færri en 50 stöðugildi að fá jafnlaunastaðfestingu og jafnlaunavottun verði ekki krafa á fyrirtæki og stofnanir með færri en 100 stöðugildi. Einnig verði skoðað að ytri úttekt vegna jafnlaunavottunar verði ekki árleg krafa heldur á þriggja ára fresti.

Umræður

Í umræðum kom fram ósk um að VR kanni viðhorf félagsfólks til jafnlaunavottunar og mun skrifstofa VR vinna að því.

Þá kom einnig fram í umræðum að fulltrúi frá Jafnlaunastofu er væntanlegur á fund stjórnar í september til að ræða verkefni um virðismat starfa.

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 20:10.

6. Skipulag og uppbygging á Kringlusvæðinu

Fyrir fundinum lá skjalið „6.0 Skipulag og uppbygging á Kringlusvæðinu“ til kynningar.

Stefán fór yfir tillögur að uppbyggingu í nánasta umhverfi VR en fyrirhugað er að byggja íbúðarhúsnæði á svæðinu, þar á meðal á lóð Húss verslunarinnar en VR á hluta í því húsnæði og lóðinni. Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir undir lok árs, fyrst fjærst Húsi verslunarinnar.

Umræður

Halla lengir fund til kl. 21:00. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

7. Fyrirtæki ársins, skrifstofa VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „7.0 VR í Fyrirtæki ársins – Minnisblað“ og „7.1 Helstu niðurstöður fyrir VR í Fyrirtæki ársins“ til kynningar.

Stefán fór yfir helstu niðurstöður VR í könnun félagsins á Fyrirtæki ársins 2025.

VR er í 13. sæti í hópi stórra fyrirtækja (70 starfandi eða fleiri) í Fyrirtæki ársins 2025 með heildareinkunn 4,38 en var í 17. sæti í fyrra með 4,33. Til samanburðar var meðaleikunn stórra fyrirtækja 4,25 árið 2025 en 4,21 í fyrra. Hæsta mögulega einkunn er 5 og sú lægsta er 1.

Umræður.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:55.